

25. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 01.03 2016, kl. 13.00

Mættir eru Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Þorvarður Ingimarsson.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að bætt yrði við dagskrá liður 7.b. Það var samþykkt.

Dagskrá

1. Skýrsla oddvita
2. Fjármál
3. Austurbrú
 - a) Þjónustusamningar við sveitarfélög 2016
 - b) Fjárhagsáætlun Austurbrúar 2016
4. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 19.02, ósk um aukið rekstrarframlag 2016 Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns 18.02
5. Drög að Jafnréttisáætlun Fljótshrepps
6. Héraðs-og Austurlandsskógar 16.02 , leyfisveiting v. skógræktarframkvæmda
7. Bréf
 - a) HAUST dags. 12.02
 - b) Veðurstofa Íslands dags. 22.02
 - c) Helgi Hallgrímsson dags. 22.02
8. Fjárbeiðnir
 - a) Perluverkefnið
 - b) Leikfélag Fljótshéraðs
9. Fundargerðir
 - a) Ársalir 06.02
 - b) Aðalfundur Húsfélags Miðvangs 6 18.02
 - c) Byggingarnefnd Fljótshrepps 26.02

10. Önnur mál.

1. Skýrsla oddvita.

Varmadæla var sett upp í Végarði 18.febrúar.

Samningur Fljótshrepps við N4 ehf , vegna þáttagerðar á Austurlandi 2016, er frágenginn í samræmi við drög sem fyrir lágu, þegar samþykkt var að taka þátt í verkefninu.

Þjóðgarðsverðir Austursvæðis Vatnajökulsþjóðgarðs hafa skilað ítarlegri skýrslu um starf landvarða á Hengifossvæðinu sl. sumar. Í skýrslunni koma m.a. fram helstu atriði ferðamannakönnunar , yfirlit yfir 4 slys á svæðinu sem voru minniháttar, utan þess að 1 aðili fótbrotnaði og kalla þurfti til björgunarsveit. Daglegt eftirlit var á tímabilinu 22.júní til 14.ágúst. Alls fóru um 150 vinnustundir landvarða í verkefnið og meðal þess sem fólst í

störfum landvarðanna var að veita ferðamönnum fræðslu um svæðið, tína rusl og rífa niður vörður sem ferðamenn hlóðu í óleyfi, gera ferðamannakönnun, lesa af talningarmæli o.fl.

Á Hengifossvæðið koma nú árlega hátt í 50 þúsund manns og ferðamenn ganga að fossinum alla mánuði ársins. Þörf er á eftirliti og framkvæmdum til að bæta aðstöðu á svæðinu, til að bregðast við síauknum fjölda ferðamanna og lengri ferðamannatíma.

Hvað varðar daglegan rekstur og umhirðu á svæðinu, þá hefur Fljótsdalshreppur, auk samstarfs við Vatnajökulsþjóðgarð um landvörslu, samið við landeiganda um dagleg þrif á WC húsi, þann tíma sem snyrtingar eru opnar. Sveitarfélagið sér einnig um það sé ruslagámur á staðnum yfir sumartímann og tæmingu á rusli og starfsmenn vinnuskóla hafa komið að því að lagfæra stíg að Hengifossi o.fl. Sl. sumar unnu einnig sjálfboðaliðar á vegum sveitarfélagsins við lagfæringar á stígnum. Nú þegar rafmagn hefur verið lagt í snyrtihús og neysluvatn tryggt, má gera ráð fyrir að snyrtingar verði opnar í lengri tíma á árinu í takt við lengra ferðamannatímabil. Fyrir mörgum árum síðan var settur upp söfnunarbaukur á snyrtihús fyrir frjáls framlög þeirra sem koma á svæðið, sá háttur á gjaldtöku skilar litlu á móti þeim kostnaði sem sveitarfélagið ber af rekstrinum.

Deiliskipulag Hengifossvæðis hefur tekið gildi og stefnt að því að hefja hönnun á nýju þjónustuhúsi á árinu, auk þess sem framkvæmdir við stækkun á bílplani eru hafnar og áformað að vinna að endurbótum á stíg. Sótt hefur verið um styrk hjá Framkvæmdasjóði ferðamanna til framkvæmda á svæðinu.

2. Fjármál.

Endurskoðandi sveitarfélagsins hefur að beiðni oddvita tekið saman minnisblað um bókhald Fljótsdalshrepps, hvað varðar viðskiptastöðu milli Aðalsjóðs og Eignasjóðs, innri lán og innri leigu eigna Eignasjóðs. Farið yfir minnisblað endurskoðanda og málin rædd.

Sveitarstjórn samþykkir að viðskiptastaða milli sjóðanna verði færð niður í ársuppgjöri 2015, með framlagi frá Aðalsjóði til Eignasjóðs. Um bókhaldsleg atriði er að ræða og áhrif á samstæðureikning sveitfélagsins verða engin.

Í minnisblaði Deliotte bendir endurskoðandi á að æskilegt sé að sveitarstjórnarstjórnarmenn Fljótsdalshrepps, marki stefnu um hvernig skuli fara með innri leigu eigna sveitarfélagsins, til framtíðar. Í minnisblaðinu eru nefndir þrjú valkostir sem kæmu til greina. Eignir Fljótsdalshrepps sem bera innri leigu (reiknisleg stærð) eru aðeins að litlu leyti tekjuskapandi og ólíklegt að breyting verði þar á.

Hvað varðar uppgjör ársins 2015, samþykkir sveitarstjórn að halda óbreyttu fyrirkomulagi varðandi meðferð innri leigu eigna. Samhliða umræðu um ársuppgjör 2015, verði tekin umræða um fyrirkomulag og meðferð innri leigu eigna og mótuð stefna til framtíðar.

3. Austurbrú

- a) Þjónustusamningar við sveitarfélög 2016. Þjónustusamningur um ferða og markaðsmál, atvinnuþróun og nýsköpun. Samþykkt að veita oddvita umboð til þess að undirrita samning fyrir hönd Fljótsdalshrepps.
- b) Fjárhagsáætlun Austurbrúar 2016. Kynnt.

4. Héraðsskjalasafn Austfirðinga 19.02

Fundargerð stjórnar Héraðsskjalasafns 18.02. Kynnt. Samþykkt ósk Héraðsskjalasafnsins um aukið rekstrarframlag vegna ársins 2016, vegna ófyrirséðra launahækkana. Hlutur Fljótsdalshrepps er um kr. 53.000-

5. **Drög að Jafnréttisáætlun Fljótsdalshrepps.** Fyrirliggjandi drög yfirfarin og samþykkt samhljóða.

6. **Héraðs-og Austurlandsskógar 16.02**

Spurt er hvort Fljótsdalshreppur muni krefjast framkvæmaleyfis vegna stækkunar á nytjaskógræktarsvæði í landi Víðivalla ytri 2. Sveitarstjórn telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki umfangsmikil, sé í samræmi við markmið og skipulag sveitarfélagsins og ekki framkvæmdaleyfisskyld.

7. **Bréf**

- a) HAUST dags. 12.02. Kynnt. Varðar svæðisáætlun um meðferð úrganga. Til er svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020 , sem unnin var fyrir sveitarfélög á svæðinu.
- b) Veðurstofa Íslands dags. 22.02. Kynnt. Veðurstofan er að vinna hættumat yfir helstu vatnsföll landsins og óskar eftir upplýsingum um söguleg flóð.
- c) Helgi Hallgrímsson dags. 22.02. Kynnt. Varðar Fljótsdælu.

8. **Fjárbeiðnir**

- a) Perluverkefnið. Ósk um styrk til útgáfu bæklinga. Hafnað.
- b) Leikfélag Fljótsdalshéraðs. Samþykktur styrkur að upphæð kr. 110.000-

9. **Fundargerðir**

- a) Ársalir 06.02. Kynnt.
- b) Aðalfundur Húsfélags Miðvangs 6. 18.02. Kynnt.
- c) Byggingarnefnd Fljótsdalshrepps 26.02. Kynnt. Í 3ja lið er fjallað um endurskoðun gjaldskrár um byggingarleyfis- og þjónustugjöld . Núverandi gjaldskrá er frá árinu 2004. Sveitarstjórn óskar eftir að byggingarfulltrúi vinni drög að nýrri gjaldskrá fyrir Fljótsdalshrepp.

10. **Önnur mál.**

- a) Oddvita falið að ganga frá samkomulagi við leigendur Valþjófsstaða 1, vegna afnota sveitarfélagsins af landi.
- b) SSA hefur óskað eftir tilnefninga í starfshóp við gerð Svæðisskipulags fyrir Austurland. Oddviti tilnefndur og varaoddviti til vara.
- c) Landmerkjagrunnur Fljótsdalshrepps hefur verið vistaður hjá LOGG.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.16.00

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Eiríkur J. Kjerúlf (sign)